



Formaður Velferðarnefndar Alþingis
Helga Vala Helgadóttir alþingismaður
helgavala@althingi.is

Kópavogi, 1. júní 2021.

Efni: Staðan á bráðamóttöku Landspítalans í sumar.

Til Læknafélags Íslands (LÍ) hafa leitað sérfræðilæknar sem starfa á bráðamóttöku Landspítala og vakið athygli á því starfsálagi sem þeir eru undir og lýst áhyggjum sínum yfir því hvernig fyrirhugað skipulag lækniþjónustu á bráðamóttöku á að vera í sumar. Þetta kemur fram í bréfi sem sérfræðilæknarnir sendu forstjóra Landspítala 6. maí sl. Afrit af bréfinu var m.a. sent LÍ.

Í kjölfarið sendi LÍ bréf til bæði landlæknis og forstjóra LÍ og kallaði bæði eftir svörum og viðbrögðum vegna þeirrar stöðu sem fyrir liggur að verður á bráðamóttöku Landspítalans í sumar. Engin formleg svör hafa enn borist.

LÍ telur nauðsynlegt að vekja athygli Velferðarnefndar Alþingis á þessari stöðu mála og sendir hjálaga þau bréf LÍ, sem að framan er vísað til.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,

Reynir Arngrímsson, formaður

Afrit:
Embætti landlæknis
Sérfræðilæknar á bráðamóttöku Landspítala
Heilbrigðisráðuneytið
Forstjóri Landspítala Páll Matthiasson



Forstjóri
Páll Matthíasson
Palmmatt@landspitali.is

Kópavogi, 20. maí 2021.

Efni: Staðan á bráðamóttöku Landspítalans í sumar.

Til Læknafélags Íslands (LÍ) hafa leitað sérfræðilæknar sem starfa á bráðamóttöku Landspítala og vakið athygli á því starfsálagi sem þeir eru undir og lýst áhyggjum sínum yfir því hvernig fyrirhugað skipulag lækniþjónustu á bráðamóttöku á að vera í sumar. Þetta kemur fram í bréfi sem sérfræðilæknarnir sendu forstjóra Landspítala 6. maí sl. Afrit af bréfinu var m.a. sent LÍ.

Fulltrúar sérfræðilæknanna telja stuttan tíma til stefnu og viðbrögð yfirstjórnar Landspítala við bréfi þeirra hæg svo þeir komu á fund stjórnar LÍ í 17. maí sl. og bentu þar á eftirfarandi:

1. Til að reka starfhæfa bráðamóttöku þarf að lágmarki 9-10 vaktalínur sérfræðilækna allt árið, alla daga vikunnar.
2. Í verkfalli lækna 2014 og 2015 var skilgreind neyðarmönnun á bráðamóttöku sbr. 5. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1984 samtals 7 vaktalínur sérfræðilækna.
3. Meginpart sumars 2021 verður einungis hægt að manna fimm vaktalínur sérfræðilækna.
4. Á bráðamóttöku starfa einnig sérnámslæknar, sem eru mislangt komnir í námi sínu. Í sumar verða auk þess sjö nýútskrifaðir læknar og 11 læknanemar. Fyrir liggur að vinnulag gerir ráð fyrir að flesta sjúklinga þarf að bera undir vakthafandi sérfræðing.

Málið var ítarlega rætt á stjórnarfundinum og formanni LÍ falið að rita bæði forstjóra Landspítala og landlækni bréf um málið.

Samkvæmt upplýsingum sérfræðilæknanna væri hægt að leysa mönnunarvandann með því að ráða bráðalækna sem verktaka en kostur er á slíkum bráðalæknum til starfa í sumar. Landspítalinn hefur hinsvegar tilkynnt að hann hyggist ekki ráða neina lækna til verktakastarfa.

LÍ hefur bent sérfræðilæknum á bráðamóttöku á stöðu þeirra en ekki verður vikist undan þeirri staðreynd að þeir eru opinberir starfsmenn og um þá gilda lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (hér eftir starfsmannalög). Samkvæmt 15. gr. starfsmannalaga er starfsmanni skylt að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf þeirra. Óhlýðni við lögleg fyrirmæli getur leitt til áminningar starfsmanns, sbr. 21. gr. starfsmannalaga. Læknum er því óheimilt að mæta ekki til vinnu nema fyrir liggja að fyrirmælin til þeirra varðandi vinnuna og vinnuaðstæður séu ólöglegar.

Bent er á að við boðaðar aðstæður fyrir komandi sumar kunna að koma upp aðstæður þar sem læknar telji þeim fyrirskipað að vinna við ólöglegar, óviðunandi starfsaðstæður. Ekki má horfa fram hjá því að læknaþingurinn er sá sem ber faglega ábyrgð á starfi sínu en læknar hafa áhyggjur af að boðað aðstæður kunni að vera þannig að þeim sé ómögulegt að vinna sína vinnu með faglegum hætti. Miðað við þessar aðstæður sem boðað hefur verið að fyrirmæli verði um, kunna læknar að standa frammi fyrir því að þurfa að veita þá og meta hvernig þeir bregðist við fyrirmælum yfirmanna sinna.

LÍ hefur því beint þeirri fyrirspurn til embættis landlæknis hvort það séu lögleg fyrirmæli yfirmanna sérfræðilækna á bráðamóttöku Landspítala að ætlast til að sérfræðilæknar og aðrir læknar á bráðamóttöku vinni við aðstæður þar sem mönnun er undir neyðarmönnun þó fyrirsjáanlegt sé að undirmönnunin ógni öryggi sjúklinga og geti skapað aðstæður sem mögulega leiða til mistaka í störfum lækanna vegna óhóflegs vinnuálags.

LÍ er að sjálfsögðu tilbúið til að funda með forstjóra Landspítalans vegna þessa máls ásamt fulltrúum þeirra sérfræðilækna sem í hlut eiga og stjórnendur Landspítala verði eftir því kallað.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar LÍ,



Reynir Arngrímsson, formaður

Afrit:
Embætti landlæknis
Sérfræðilæknar á bráðamóttöku Landspítala.
Heilbrigðisráðuneytið.



Landlæknir
Alma Möller
Alma@landlaeknir.is

Kópavogi, 20. maí 2021.

Efni: Staðan á bráðamóttöku Landspítalans í sumar.

Til Læknafélags Íslands (LÍ) hafa leitað sérfræðilæknar sem starfa á bráðamóttöku Landspítala og vakið athygli á því starfsálagi sem þeir eru undir og lýst áhyggjum sínum yfir því hvernig fyrirhugað skipulag lækniþjónustu á bráðamóttöku á að vera í sumar. Þetta kemur fram í bréfi sem sérfræðilæknarnir sendu forstjóra Landspítala 6. maí sl. Afrit af bréfinu var m.a. sent LÍ.

Fulltrúar sérfræðilæknanna telja stuttan tíma til stefnu og viðbrögð yfirstjórnar Landspítala við bréfi þeirra hæg svo þeir komu á fund stjórnar LÍ í 17. maí sl. og bentu þar á eftirfarandi:

1. Til að reka starfhæfa bráðamóttöku þarf að lágmarki 9-10 vaktalínur sérfræðilækna allt árið, alla daga vikunnar.
2. Í verkfalli lækna 2014 og 2015 var skilgreind neyðarmönnun á bráðamóttöku sbr. 5. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1984 samtals 7 vaktalínur sérfræðilækna.
3. Meginpart sumars 2021 verður einungis hægt að manna fimm vaktalínur sérfræðilækna.
4. Á bráðamóttöku starfa einnig sérnámslæknar, sem eru mislangt komnir í námi sínu. Í sumar verða auk þess sjö nýútskrifaðir læknar og 11 læknanemar. Fyrir liggur að vinnulag gerir ráð fyrir að flesta sjúklinga þarf að bera undir vaktahafandi sérfræðing.

Málið var ítarlega rætt á stjórnarfundinum og fómanni LÍ falið að rita landlækni bréf um málið.

Sérfræðilæknar sem starfa á bráðamóttöku Landspítala telja það ástand sem fyrirsjáanlegt er í sumar á bráðamóttöku Landspítalans ekki boðlegt, fyrst og fremst m.t.t. öryggis sjúklinga en einnig vegna þess viðbótarálags sem undirmönnun lækna mun leggja á þá lækna sem verða í starfi. Þeir hafa þungar áhyggjur af því að þeim skuli ætlað að sinna störfum sínum við þessi skilyrði og velta fyrirsér réttarstöðu sinni, fari eitthvað úrskaiðis í veitingu lækniþjónustu, sem rekja megi fyrst og fremst til þess álags, sem af undirmönnun leiðir, með alvarlegum afleiðingum fyrir sjúklinga. Sérfræðilæknarnir telja að hvorki sjúklingum né læknum séu boðlegar þessar kringumstæður í sumar. Þess vegna leita þeir til stéttar- og fagfélags síns um ráð varðandi það hvernig þeim er heimilt að bregðast við gagnvart þeirri stöðu að lækniönnun bráðamóttöku verður meira og minna undir skilgreindri neyðarmönnun í sumar. Stjórn LÍ tekur undir áhyggjur sérfræðilæknanna og er sammála þeim um það að undirmönnun af þessu tagi sé engum boðleg, hvorki sjúklingum né læknum.

Læknar eru opinberir starfsmenn og um þá gilda lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (hér eftir starfsmannalög). Samkvæmt 15. gr. starfsmannalaga er starfsmanni skylt að hlýða löglegum fyrirskiðpunum yfirmanna um starf sitt. Óhlýðni við lögleg fyrirmæli getur leitt til áminningar starfsmanns, sbr. 21. gr. starfsmannalaga. Í þessu sambandi telur LÍ mikilvægt að minna á að ef eitthvað fer alvarlega úrskaiðis í þjónustu lækna við sjúkling þá eru skýr ákvæði um hvernig bregðast skuli við í lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Tilkynna ber um slík alvarleg atvik, sbr. 10 gr. laga nr. 41/2007. Embætti landlækna byrjar þá iðulega meðferð máls gagnvart viðkomandi

lækni. Reynsla LÍ, sem stutt hefur félagsmenn vegna slíkra mála, er sú að alvarleg atvik geta leitt til bráðabirgðaleyfissviptingar meðan málið er rannsakað af embættinu eða leyfissviptingar þegar embættið hefur komist að niðurstöðu. Það er reynsla LÍ að þó skýringa atviksins sé a.m.k. að hluta að leita í vinnuáðstæðum eða aðstæðum sem snúa meira að vinnustaðnum en læknum þá gefi það læknum engan afslátt á faglegri ábyrgð á því sem fór úrskeiðis. LÍ fær því ekki betur séð en að embætti landlæknis líti svo á að fagleg ábyrgð lækna á störfum sínum sé óháð því hvaða starfsaðstæður yfirmenn bjóða þeim uppá.

Staða mála á bráðamóttöku Landspítalans hefur síðustu árin oft verið í umræðunni og þá fyrst og fremst vegna óviðunandi ástands sem þar hefur verið í gangi. Í því sambandi bendir LÍ á minnisblað embættis landlæknis til heilbrigðisráðherra dags. 17. desember 2018 þar sem það vakti athygli á alvarlegri stöðu á bráðamóttökunni. LÍ gerði á sínum tíma athugasemd við embættið vegna þessa minnisblaðs þar sem hvergi var þar fjallað um álag á lækna sem þar störfuðu þó það væri ekkert minna en álagið á aðrar heilbrigðisstéttir sem sérstaklega var dregin fram í minnisblaðinu.

Mönnunarstaða sérfræðilækna á bráðamóttöku Landspítalans á sér nokkurn aðdraganda og er að stórum hluta afleiðing þess óeðlilega vinnuálags sem þar er á lækna. Langvarandi óviðunandi vinnuálag á lækna hefur leitt til þess að brottfall bráðalækna úr starfi er mikið. Þrjú bráðalæknar hafa hætt störfum frá síðustu áramótum og tveir til viðbótar hafa sagt upp og munu hætta störfum á næstunni. Sérfræðilæknum á bráðamóttöku er kunnugt um að hægt væri að ráða lækna frá Svíþjóð nú í sumar en þeir eru ekki tilbúnir tilbúnir til að ráða sig nema sem verktakar. Það myndi bæta mönnunina og færa hana a.m.k. í það að vera við neyðarmörk. Yfirmönnum hefur verið bent á þetta úrræði til að bæta mönnun en þeir hafa skýrt sérfræðilæknunum frá því að Landspítalinn ráði ekki verktaka í störf á sjúkrahúsinu.

Stjórn LÍ telur stöðu mála vegna undirmönnunar lækna á bráðamóttöku Landspítalans grafalvarlegt mál. Enn hafa engin viðbrögð borist frá forstjóra við bréfi læknanna frá 6. maí sl. Önnur en þau að málið sé í skoðun. Sérfræðilæknunum hefur ekki verið boðið að koma að málum til að finna lausnir og undrast það. Læknaráð Landspítalans ályktaði 18. maí um stöðu mála, lýsir áhyggjum sínum yfir þeim um leið og það kallar eftir svörum yfirmanna við bréfi læknanna frá 6. maí sl.

Stjórn LÍ hefur bent sérgreinalæknunum á það að einungis beri að hlýða löglegum fyrirmælum. Þess vegna blasir við að fá svar við því hvort það séu lögleg fyrirmæli til sérgreinalækna á bráðamóttöku Landspítalans að ætlast til að þeir vinni við vinnuáðstæður þar sem mönnun er undir því sem hingað til hefur talist algjör lágmarksmönnun, neyðarmönnun, þ.e. mönnun sem við er miðað í verkfalli lækna.

Stjórn LÍ vill því beina þeirri fyrirspurn til embættis landlæknis hvort það séu lögleg fyrirmæli yfirmanna sérfræðilækna á bráðamóttöku Landspítala að ætlast til að sérfræðilæknar og aðrir læknar á bráðamóttöku vinni við aðstæður þar sem mönnun er undir neyðarmönnun þó fyrirsjáanlegt að undirmönnunin ógni öryggi sjúklinga og geti skapað aðstæður sem mögulega leiða til mistaka í störfum lækana vegna óhóflegs vinnuálags.

Þar sem það vinnufyrirkomulag sem sérfræðilæknarnir hafa áhyggjur af á að byrja 1. júní nk. þá er mikilvægt að viðbrögð berist frá embættinu sem fyrst. LÍ er að sjálfsögðu tilbúið til að funda með embætti landlæknis vegna þessa máls ásamt fulltrúum þeirra sérfræðilækna sem í hlut eiga og stjórnendur Landspítala verði eftir því kallað.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,



Reynir Arngrimsson, formaður

Afrit:

Forsjóri Páll Matthíasson.

Sérfræðilæknar á bráðamóttöku Landspítala.

Heilbrigðisráðuneytið.